

**95. fundur Menningar- og safnanefndar, haldinn í fjarfundi, 30. mars 2021 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Ólafur Páll Gunnarsson formaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Helga Kristín Björgólfsdóttir aðalmaður, Guðmundur Claxton aðalmaður, Jónella Sigurjónsdóttir fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, skrifstofustjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2103327 - Byggðasafnið í Görðum - ársreikningur 2020**

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála leggur fram ársreikning Byggðasafnsins í Görðum fyrir árið 2020 til samþykktar.

*Menningar- og safnanefnd þakkar Kristjönu fyrir greinagóða yfirferð og lýsir yfir ánægju með niðurstöðu ársreikningsins sem er innan áætlunar. Á árinu 2020 hafa fjölmörg verkefni verið unnin þ.á.m. ný grunnsýning sem opnar í maí 2021.*

*Nefndin samþykkir ársreikning Byggðasafnsins í Görðum vegna ársins 2020 og leggur til við bæjarstjórn Akraness að samþykkja ársreikninginn.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:35.**

Í lok fundarins samþykkja fundarmenn fundargerðina með rafrænum hætti.